

FBM FRÉTTABRÉF

N Ý J U S T U F R É T T I R F R Á F É L A G I B Ó K A G E R Ð A R M A N N A

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 2. tölublað. desember 2005. Ábyrgðarmaður: Sæmundur Árnason

2.5% – 1. janúar 2006

Samkvæmt kjarasamningi milli FBM/SA og FBM-FGT/SÍA verður 2,5% kauphækkun þann 1. janúar 2006. Félagar athugið að hækkunin er á öll laun.

Breyting félagsgjalda frá 1. janúar 2006

Félagsgjald verður kr. 3.350 á mánuði.

Félagsgjald aðstoðarfólks verður kr. 2.600 á mánuði.

Iðnnemar greiða kr. 2.220 á mánuði.

Félagsgjald þeirra sem vinna hlutastörf er 2% af launum, en að hámarki kr. 3.350.

FRAMBOÐSFRESTUR TIL FORMANNS FBM

Uppástungur um formann Félags bókagerðarmanna fyrir kjörtímabilið 2006–2008 skulu hafa borist skrifstofu félagsins fyrir kl. 17.00 þriðjudaginn 10. janúar 2006 en kjörtímabil núverandi formanns rennur út á næsta aðalfundi. Fara skal með uppástungur samkvæmt lögum FBM. Tillögur um formann skulu studdar fæst 20 en mest 50 félagsmönnum.

ATH: Fráfarandi formaður, Sæmundur Árnason, verður ekki í kjöri til formannssætis.

DESEMBERUPPBÓT

Vonandi hafa allir félagsmenn fengið desemberupp-bótina með skilum en ef einhver skyldi hafa gleymst viljum við benda á að samkvæmt kjarasamningi FBM skal upphæðin vera 39.700 til þeirra sem hafa unnið fullt starf 1.12.2004 til 30.11.2005. En samkvæmt kjarasamningi FGT skal upphæðin vera 45.000 til þeirra sem unnið hafa fullt starf uppgjörstímabilið, sem er almanaksárið. Félagsmenn í FBM kr. 39.700. Félagsmenn í FGT kr. 45.000.

SAMKOMULAG

Laun félaga í aðildarfélögum Alþýðusambandsins sem eiga aðild að kjarasamningunum við SA hækka um 0,65% í janúar 2007 til viðbótar við þá hækkun sem kveður á um í einstökum samningum. Jafnframt fá allir sem hafa verið í fullu starfi hjá viðkomandi fyrirtæki 26.000 króna eingreiðslu í desember. Þessu til viðbótar hækkar lágmarkstekjutrygging fyrir fulla dagvinnu í 108.000 kr. um næstu áramót og í 110.000 kr. 1. janúar 2007.

INGREIÐSLA Í DESEMBER 2005 – kr. 26.000

Samkvæmt samkomulagi forsendunefndar ASÍ og SA greiðist sérstök eingreiðsla kr. 26.000 til starfsmanna sem hafa verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki og eru í starfi í síðustu viku nóvember eða í fyrstu viku desember. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllir sömu skilyrði skal fá greitt hlutfallslega. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira, fyrir utan orlof. Eingreiðsla þessi verður þó eigi lægri en kr. 4.500. m.v. fullt starf. Fjarvera frá störfum vegna veikinda, eða fæðingarorlofs í allt að sex mánuði, telst til starfstíma í þessu samhengi.

SAMEINING FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVA

Fulltrúar Félags hótél- og matvælagreina, Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins, Menntafélags byggingariðnaðarins og Prenttæknistofnunar hafa undirritað viljayfirlýsingu um sameiningu þessara fræðslumiðstöðva í Fræðslumiðstöð iðnaðarins. Markmiðið með sameiningunni er að styrkja rekstrar- og þróunarverkefni í fræðslumálum iðnaðarins til skemmri og lengri tíma og byggja á þeim fjórum stöðum sem að hinni nýju fræðslumiðstöð standa. Stefnt er að stofnun Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins þann 1. janúar n.k. og að vinnu við mótun á stefnu, nýju skipulagi og við frágang á samrunagögnum verði lokið mánuði síðar.

Helstu markmið og áherslur

Markmiðið er að stofna einingu sem hefur aukinn styrk til að fást við rekstrar- og þróunarverkefni í fræðslumálum iðnaðarins til skemmri og lengri tíma. Meginverkefnið er að efla þær fjórar meginstöðir sem FI verður stofnað úr. Í upphafi verður lögð áhersla á að fræðslumiðstöðvarnar haldi styrkleikum sínum og stöðu á markaði auk þess sem unnið verður að því að bæta og auka það sem þegar er til staðar. Á næstu fimm árum er stefnt að stækkun FI sem byggjast mun á betra námskeiðsframboði, betri þjónustu og nýjum tekjuskapandi þjónustuþáttum í þeim tilgangi að styrkja með því símenntun í iðnaði.

Lögð verður áhersla á að nýta sem fyrst margvísleg samlegðartækifæri sem felast í að setja saman fjögur fyrirtæki. Samlegðartækifærin eru margs konar: Stjórnun, rekstur og skrifstofuhald – Umsjón með námskeiðahaldi – Útgáfumál – Markaðs- og kynningarmál – Kennsla í almennum greinum, rekstri og stjórnun – Þjónusta og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga – Þróunar- og umsýsluverkefni fyrir stjórnvöld – Samstarf innanlands og erlendis – Þróun nýrra þjónustubátta – Námskrárgerð.

Aukinn slagkraftur í ný verkefni:

Þróun nýrra námsleiða t.d. fyrir hópa faglærðra og ófaglærðra sem ekki hafa haft aðgengi að námsframboði – Fleiri þróunar- og þjónustuverkefni fyrir stjórnvöld – Aukin áhrif á þróun iðnnáms – Aukin áhrif á þróun og tengsl háskólanáms við iðnnám – Aukin samþætting endurmenntunar og gæðastjórnunar fyrirtækja – Aukin áhrif til umsagnar og ráðgjafar til stjórnvalda – Hvers kyns efling á iðngreinunum, gæðum þeirra og fagmennsku – Aukin fræðsla og kynning í þeim tilgangi að auka tiltrú almennings á iðnnámi, iðnfyrirtækjum og iðnaðarstörfum Aðilar eru sammála um að stofnun FI á grunni núverandi fræðslumiðstöðva muni efla það starf sem þegar fer fram í fræðslumiðstöðvunum.

ÁRSFUNDUR ASÍ

Fulltrúar FBM á ársfundi ASÍ 20–21 október voru: Sæmundur Árnason, Georg Páll Skúlason, Bragi Guðmundsson, Pétur Ágústsson og Elín Sigurðardóttir. Ársfundurinn fjallaði m.a. um: Tillögur um lágmarksréttindi í sjúkrasjóðum aðildarféлага. Tillögur um sérstakt kynningaráttak er varðar sterkari ímynd verkalýðshreyfingarinnar. Tillögur um aðgerðir til að auka skilvirkni í starfi ASÍ auk ályktana um skattamál, kjaramál, lánamarkað, lífið í vinnunni og stefnu ASÍ í jafnrétti karla og kvenna. Fyrir fundinum lágu einnig lagabreytingar frá Skipulags- og starfsháttarnefnd er voru samþykktar. Félagsmönnum skal bent á að allar nánari upplýsingar um þingið eru á vef ASÍ.

VETRALEIGA ORLOFSHEIMILA

Miðdalur

Í vetur verða orlofshúsin í Miðdal leigð út að venju. Helgargjald fyrir hús 1 er kr. 12.000 og vikugjald kr. 18.500. Fyrir hús nr. 4 og 5 er helgin á 6.000 og vikan á kr. 11.500. Helgargjald fyrir hús 7 er kr. 11.000 og vikugjald kr. 17.000. Atvinnulausir, ellilífeyris- og örorkubótaþegar greiða hálf gjald í Miðdal.

Furulundur 8

Í vetur verður önnur orlofsíbúð félagsins til leigu fyrir félagsmenn þ.e. Furulundur 8p. Helgarleiga í vetur verður kr. 8.000 og vikuleiga kr. 14.000. Pöntun á orlofshúsum í Miðdal og Akureyri þarf að staðfesta með greiðslu innan sjö daga, að öðrum kosti fellur pöntun niður. Ath: Við hverja vetrarúthlutun minnkar punktainneign um 2 punkta.

Illugastaðir og Ölfusborgir

Rekstrarfélög þessara orlofssvæða annast alla vetrarleigu og skal því hafa samband við starfsmenn þeirra varðandi leigu. Sími í Ölfusborgum er 483 4260 og að Illugastöðum 462 6199.

Orlofsíbúð í Reykjavík

FBM býður í samstarfi við Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, orlofsíbúð til afnota fyrir félagsmenn. Leiguverð er kr. 10.000 á viku. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér íbúðina hafi samband við skrifstofu félagsins. s: 552 8755

Samningur við Hótel Vík

FBM og Hótel Vík hafa gert samning um vetrarverð á gistingu fyrir félagsmenn, sem gildir til 15. maí 2006. Einbýli kr. 6.000 – Tvíbýli kr. 6.700. Stúdíóíbúð kr. 7.200 – Þrúbýli kr. 8.700. FBM styrkur til félagsmanna er kr. 1.200 fyrir nótt en að hámarki 5 nætur. Innifalið er morgunmat og aðgangur að þráðlausu interneti. Nánari upplýsingar veitir Hótel Vík sími: 588 5588.

FBM

óskar félagsmönnum farsæls komandi árs

með þökk fyrir samstarfið á liðnu ári